

**Ed.**

## **418. Frumvarp til laga**

um málflytjendur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 136, með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem staðfestir þær eða synjar staðfestingar.

9. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til máflutnings fyrir hæstarétti hverjum þeim, sem

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár sins,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur islenskan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt islenskum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftár en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn vottorð dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmaeltum skilyrðum til að verða hæstaréttarlögmaður.

Heimilt er hæstarétti að veita manni, sem verið hefur hæstaréttardómari, prófessor í lögum, dómsmálaráðherra, skipaður embættisdómari í Reykjavík, bæjarfógeti og fulltrúi þeirra, er haft hefur löggildingu til almennra dómarastarfa í 5 ár, undanþágu frá framan greindri prófraun, að nokkru eða öllu leyti.